



## Minnisblað til hreppsnefndar Kjósarhrepps

|                     |   |
|---------------------|---|
| <b>Efni:</b>        | Akstur í Félagsmiðstöðina Flógyn                                |
| <b>Dags:</b>        | 01. febrúar 2021  |
| <b>Málsnúmer:</b>   | 2002013   |
| <b>Málsmeðferð:</b> | Til ákvörðunartöku  |
| <b>Starfsmaður:</b> | Regína Hansen Guðbjörnsdóttir, formaður/starfsmaður félagsmála. |

---

### Núverandi fyrirkomulag.

- Sveitarfélagið greiðir ferða-/aksturstyrk til foreldra / forráðamanna gegn því að keyra börn sín í félagsmiðstöðina kr. 35.000, sækja þarf félagsmiðstöðina að lágmarki 8 skipti á önn.
- Kostnaður sveitarfélagsins er kr. 1.200.000 á ári (eftir fjölda barna) eða 600.000 pr. önn, 16-17 börn eru í 5-10 bekk haustið 2020 og vor 2021.
- Akstur pr. mánuð er áætlaður um kr. 400.000, að meðaltali pr. mán.

Kostnaður við akstur í félagsmiðstöðina miðað við núverandi aksturskostnað á mánuði yrði 400.000 á mánuði. Sé samþykkt að hefja akstur í félagsmiðstöð einu sinni í viku fram á vor fellur sérstakur aksturstyrkur niður sem er kr. 595.000 á vorönn. Gera má ráð fyrir að þetta sé um það bil 2.mkr á önn. Samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 4.mkr. svigrúmi vegna Covid-verkefna.

### Reynsla:

Almenn ánægja er með nýja fyrirkomulagið hjá foreldrum/forráðamönnum og börnunum, góð nýting var á ferðum í janúar. Að sögn forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar og bílstjóra.

### Kostir:

Allir hefðu kost á því að fara í félagsmiðstöðina óháð aðstæðum hverju sinni. Kemur í veg fyrir félagslega einangrun.

### Ókostir:

Kostnaður verður sá sami óháð fjölda sem nýtir rútuna hverju sinni. (ef 2-3 börn fara). Langur tími í rútu fram og til baka fyrir þá sem búa lengra frá.

### Tillaga:

Lagt er til að hreppsnefnd samþykki að fara í þetta verkefni fram að vor til að sporna við félagslegri einangrun vegna Covid-19 og sé hvetjandi að börn og ungmenni sæki viðurkennt félagsstarf almennt. Einnig er lagt til að ef þetta verið samþykkt að farið verður í endurskoðun á fyrirkomulaginu fyrir skólaárið 2021-2022.